

Miðvikudaginn 23. september 1992.

Nr. 82/1992.

Pórir Bjarnason

gegn

dánar- og félagsbúi

Ingibjargar Stephensen og

Stephans Stephensen.

Kærumál. Útburður. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. febrúar 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðila gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu sóknaraðila hefur verið upplýst, að hann hafi vikið af jörðinni Grund í lok apríl sl., án þess að til hinnar fyrirhuguðu útburðargerðar kæmi. Svo sem fram kemur í úrskurði fógetaréttarins, höfðaði sóknaraðili mál á hendur varnaraðila til viðurkenningar á forkaupsrétti sínum að áður nefndri jörð með stefnu 15. desember 1991, og var það mál þingfest á aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 31. janúar 1992.

Að svo komnu máli þykir sóknaraðili ekki hafa lögmæta hagsmuni af því, að kveðið verði á um réttmæti hinnar fyrirhuguðu útburðargerðar, og verður málinu því vísað frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Þórir Bjarnason, greiði varnaraðila, dánar- og félagsbúi Ingibjargar Stephensen og Stephans Stephensen, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður fógetaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 29. janúar 1992.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 24. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Ingibjörg Stephensen, kt. 080697-1558, Bjarkargötu 4, Reykjavík, vegna dánarbús Stephans Stephensen. Gerðarþoli er Þórir Bjarnason, kt. 070954-3039, Grund, Eyrarsveit.

Gerðarbeiðandi krefst þess, að gerðarþoli verði borinn út af jörðinni Grund í Eyrarsveit og verði gert að greiða sér málskostnað fyrir fógetarétti vegna þessa máls.

Gerðarþoli krefst þess, að synjað verði um útburð, og krefst málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda skv. fram lögðum málskostnaðar-reikningi.

— — —

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeðin gerð nær fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

Málskostnaður fellur niður.
